# Vestfjarðastofa ses.

Ársreikningur 2019

Vestfjarðastofa ses.
Árnagötu 2-4
400 Ísafirði

kt. 580518-1170

# Vestfjarðastofa ses.

## Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit.


Áritun endurskoðenda........................................................ 2-3
Skýrsla stjórnar.................................................................. 4
Rekstrarreikningur............................................................. 5
Efnahagsreikningur........................................................... 6-8
Skýringar............................................................................ 9-12

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Vestfjarðastofu**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vestfjarðastofu ses. á árinu 2019, efnahag 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Vestfjarðastofu ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagða

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði,

**Endurskoðun Vestfjarða ehf.**

Guðmundur E Kjartansson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Vestfjarðastofa sjálfseignastofnun (ses) er stofnuð á grunni skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Áður höfðu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarfulltrúi Vestfjarða sameinast skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stofnfundur Vestfjarðastofu ses. var þann 1. desember 2017 og tók Vestfjarðastofa ses. yfir starfsemi og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júlí 2018.

Tilgangur Vestfjarðastofu ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Vestfjarðastofu ses. í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2019.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 220 milljónum á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 2,3 milljónir kr. á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 107 milljónum í árslok og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 7 milljónum kr.

Stofnfé Vestfjarðastofu ses. er 2,7 milljónir og skiptist á 27 aðila sem hver um sig lagði fram 100 þús. kr. stofnframlag. Ekki hefur orðið breyting á aðilum frá stofnun.

Gerð hefur verið krafa til Ríkisskattstjóra um að endurgreiða innskatt af sérfræðivinnu o.fl. með vísan til reglugerðar 248/1990. Ríkisskattstjóri hefur ekki samþykkt endurgreiðsluna þar sem Vestfjarðastofa ses. er ekki eingöngu í eigu opinberra aðila. Stjórn Vestfjarðastofu ses. vill halda kröfunni, sem er um 4,7 milljónir króna, til streitu. Ef kröfunni verður endanlega hafnað og gjaldfæra þarf virðisaukaskattinn verða styrkir tekjufærðir á móti þar sem við á þannig að áhrif á rekstrarniðurstöðu teljast ekki veruleg.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn Vestfjarðastofu ses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2019 með undirritun sinni og leggur til við aðalfund að hann verði samþykktur.

Vestfjörðum, 7.5.2020

Hafdís Gunnarsdóttir , formaður

| | |
|---|---|
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir | Iða Marsibil Jónsdóttir |
| Kristján Jón Guðmundsson | Sigurður Hreinsson |
| Víkingur Gunnarsson | Hólmfríður Vala Svavarsdóttir |
| Kristján Jóakimsson | Ágústa Ýr Sveinsdóttir |

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlög og styrkir ....................................................... | | 202.299.256 | 106.100.551 |
| Aðrar tekjur ................................................................ | | 17.913.774 | 2.826.264 |
| | | 220.213.030 | 108.926.815 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............................................ | 4 | 131.009.602 | 64.043.820 |
| Annar skrifstofukostnaður ........................................... | | 19.088.337 | 10.996.614 |
| Kostnaður vegna sérverkefna ...................................... | | 67.712.048 | 31.833.476 |
| | | 217.809.987 | 106.873.910 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld) | | 2.403.043 | 2.052.905 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals ............ | 5 | (76.072) | (35.618) |
| **Rekstrarafkoma ....................................................** | | 2.326.971 | 2.017.287 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| **Skammtímakröfur** | | | |
| Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir .................... | 2 | 46.516.843 | 26.992.534 |
| Aðrar skammtímakröfur .......................................... | | 4.789.974 | 1.085.185 |
| | | 51.306.817 | 28.077.719 |
| **Handbært fé** | | | |
| Bankareikningar ...................................................... | | 55.665.416 | 25.141.877 |
| | | 55.665.416 | 25.141.877 |
| **Veltufjármunir** | | 106.972.233 | 53.219.596 |
| **Eignir** | | 106.972.233 | 53.219.596 |

# 31. desember 2019

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | | 2.700.000 | 2.700.000 |
| Óráðstafað eigið fé 1/1 | | 2.017.287 | 0 |
| Rekstrarafkoma | | 2.326.971 | 2.017.287 |
| **Eigið fé** | 3 | 7.044.258 | 4.717.287 |
| **Skuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 15.507.500 | 4.900.000 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | | 12.184.650 | 14.515.552 |
| Ógreiddar ýmsar skammtímaskuldir | | 3.744.546 | 3.514.224 |
| Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur | | 68.491.279 | 25.572.533 |
| **Skuldir** | | 99.927.975 | 48.502.309 |
| **Skuldir og eigið fé** | | 106.972.233 | 53.219.596 |

# Sjóðsstreymi árið 2019

| | Skýr. | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarafkoma ársins | | 2.326.971 | 2.017.287 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 2.326.971 | 2.017.287 |
| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) | | (23.229.098) | (28.077.719) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun | | 51.425.666 | 48.502.309 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 30.523.539 | 22.441.877 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Stofnfé | | 0 | 2.700.000 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | 0 | 2.700.000 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 30.523.539 | 25.141.877 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 25.141.877 | 0 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 55.665.416 | 25.141.877 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

## Skammtímakröfur

2. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

## Eigið fé

3. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1/1 | 2.700.000 | 2.017.287 | 4.717.287 |
| Rekstrarafkoma | | 2.326.971 | 2.326.971 |
| | 2.700.000 | 4.344.258 | 7.044.258 |

## Önnur mál

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 107.217.796 | 51.500.061 |
| Launatengd gjöld, lögbundin og samningsbundin | 25.849.598 | 12.666.526 |
| Áunnið orlof, breyting | (2.252.777) | (336.291) |
| Annar starfmannakostnaður | 0 | 213.524 |
| | 131.009.602 | 64.043.820 |
| Meðalfjöldi starfa | 15 | 8 |

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 73.040 | 8.055 |
| | 73.040 | 8.055 |
| Vaxtagjöld | (149.112) | (43.673) |
| | (149.112) | (43.673) |
| Fjármunatekjur og gjöld samtals | (76.072) | (35.618) |

# Skýringar

6. Atburðir eftir reikningsskiladag:

   Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Nokkur óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi vegna þessa.

7. Krafa um endurgreiðslu innskatts af sérfræðivinnu o.fl.

   Gerð hefur verið krafa til Ríkisskattstjóra um að endurgreiða innskatt af sérfræðivinnu o.fl. með vísan til reglugerðar 248/1990. Ríkisskattstjóri hefur ekki samþykkt endurgreiðsluna þar sem Vestfjarðastofa ses. er ekki eingöngu í eigu opinberra aðila. Stjórn Vestfjarðastofu ses. vill halda kröfunni, sem er um 4,7 milljónir króna, til streitu. Ef kröfunni verður endanlega hafnað og gjaldfæra þarf virðisaukaskattinn verða styrkir tekjufærðir á móti þar sem við á þannig að áhrif á rekstrarniðurstöðu teljast ekki veruleg.

# Sundurliðanir

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **Framlög og styrkir** | | |
| FV-VFS v. rekstur skrifstofu Jöfnuarsjóðs | 33.000.000 | 16.318.178 |
| FV-VFS v. Þróun sóknaráætlun -Jöfunarsjóðs | 10.600.001 | 2.649.335 |
| FV-VFS Framlag Byggðast.v/atvinnu | 42.693.000 | 20.988.000 |
| FV-VFS v. Sóknaráætlun | 33.975.000 | 24.891.571 |
| FV-VFS rekstur skrifstofu -sveitarfélaga | 37.400.000 | 17.726.000 |
| FV-VFS v. framlag Ferðamálastofu | 16.400.001 | 8.200.000 |
| FV-VFS v. framlag vegna Byggðaráætlunar | 16.300.000 | 15.000.000 |
| Framlög Ferðamálstofu | 10.375.000 | 1.875.000 |
| Verkefnastyrkir | 3.325.000 | 0 |
| Brotthættar byggðir | 10.200.000 | 10.825.000 |
| Styrkir vegna brothættra byggða | 21.000.000 | 4.000.000 |
| Verkefnatekjur frá ráðuneytum | 8.700.000 | 0 |
| Almenningssamgöngur | 1.250.000 | 9.200.000 |
| Styrkir f.f.ári nýttir 2019 | 25.572.533 | 0 |
| Styrkir fluttir til næsta árs | (68.491.279) | (25.572.533) |
| | 202.299.256 | 106.100.551 |

| | | |
|---|---|---|
| **Aðrar tekjur** | | |
| Endurgr. v. þjónustu bókara | 5.220.000 | 2.300.000 |
| Endurgr. útlagður kostnaður | 1.380.706 | 442.934 |
| Auglýsingar | 983.068 | 0 |
| Samstarfsverkefni P&P | 8.350.000 | 0 |
| Ýmsar tekjur | 350.000 | 83.330 |
| Árgjald Markaðsstofu | 1.630.000 | 0 |
| | 17.913.774 | 2.826.264 |

| | | |
|---|---|---|
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Vinnulaun | 107.217.796 | 51.500.061 |
| Tryggingagjald | 8.174.451 | 4.148.779 |
| Lífeyrissjóður | 14.924.877 | 7.214.302 |
| Sjúkra- og orlofssjóðir | 2.750.270 | 1.303.445 |
| Áunnið orlof, breyting | (2.252.777) | (336.291) |
| Slysatryggingar | 0 | 213.524 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 194.985 | 0 |
| | 131.009.602 | 64.043.820 |

# Sundurliðanir

## Skrifstofukostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga og annar húsnæðiskostnaður | 8.046.292 | 3.566.136 |
| Rekstur og viðhald skrifst.véla og tækja | 4.810.934 | 2.677.318 |
| Sími, Internet, burðargjöld | 1.119.542 | 698.253 |
| Pappír, prentun og ritföng | 1.289.239 | 1.454.827 |
| Bókhald, reikningsskil, endurskoðun | 720.464 | 48.750 |
| Vefur og samfélagsmiðlar | 546.655 | 602.431 |
| Auglýsingar | 1.230.605 | 1.161.449 |
| Tryggingar | 359.039 | 142.405 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta og annar kostnaður | 613.752 | 645.045 |
| Árgjald, Earthcheck | 351.815 | 0 |
| | 19.088.337 | 10.996.614 |

## Kostnaður vegna verkefna

| | | |
|---|---|---|
| Fundir og ferðir v. verkefna | 15.433.559 | 6.401.318 |
| Aðkeyptir verktakar vegna verkefna | 19.041.969 | 8.018.069 |
| Markaðsmál ferðaþjónustu | 1.648.400 | 6.500.000 |
| Styrkir áh.verkefna í umsjón VF | 25.540.000 | 7.000.000 |
| Bifreiðastyrkir og aksturskostnaður | 2.708.320 | 1.852.510 |
| Dagpeningar | 3.339.800 | 2.061.579 |
| | 67.712.048 | 31.833.476 |

# Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
1205675789
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:30:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Stjórnarformaður
Hafdís Gunnarsdóttir

Undirritað af:
Hafdís Gunnarsdóttir
1406804199
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:35:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Sigurður Jón Hreinsson

Undirritað af:
Sigurður Jón Hreinsson
1505714729
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:36:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Kristján Jón Guðmundsson

Undirritað af:
Kristján Jón Guðmundsson
1911565879
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:34:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Kristján Guðmundur Jóakimsson

Undirritað af:
Kristján Guðmundur Jóakimsson
1902582549
Dags: 27.05.2020
Tími: 14:58:23
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Ágústa Ýr Sveinsdóttir

Undirritað af:
Ágústa Ýr Sveinsdóttir
2202892579
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:42:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Undirritað af:
Jóhanna Ösp Einarsdóttir
0302852479
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:41:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Iða Marsibil Jónsdóttir

Undirritað af:
Iða Marsibil Jónsdóttir
1510774559
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:36:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

Víkingur Gunnarsson

Undirritað af:
Víkingur Gunnarsson
3012665969
Dags: 27.05.2020
Tími: 09:32:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-00dc-496f-ba8a-41b47ddfbde0

# Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Guðmundur E Kjartansson

Undirritað af:
Guðmundur E
Kjartansson
0709492889
Dags: 27.05.2020
Tími: 11:18:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 6cfcb124-
00dc-496f-ba8a-
41b47ddfbde0